

Mál nr. 357/2009

**M
og
vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Kona slasaðist er hún féll á gólfi fiskvinnsluhúss bann 13.2.2004.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 12.10.2009, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 22.10.2009.

Málsatvik.

M var við störf í fiskvinnslufyrirtækinu F. Fiski hafði verið landað í körum og til þess voru notaðir 10 mm sverir kaðlar. Mun köðlunum svo hafa verið brugðið utan um körin og þannig komið fyrir á vinnusvæði starfsmanna. M var að spúla gólf í lok vinnudags og notaði til þess öfluga háþrýstidælu að eigin sögn. Flæktist hún þá í kaðli frá einu fiskikarinu og féll aftur fyrir sig og skall harkalega með rass og bak í gólfið.

M krefst bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Takmarkaðra gagna nýtur við um slysið og orsakir þess. Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að M hafi verið óvinnufær eftir slysið svo lengi að vinnuveitanda hafi verið skylt að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Ekki verður heldur séð að af málgögnum að aðila greini á um það sem upplýsa hefði mátt, ef Vinnueftirlitið hefði verið kallað til strax eftir slysið.

Ekki verður séð að frágangur kaðalsins hafi verið með óforsvaranlegum hætti eða að slysið verði rakið til annarra atvika sem vinnuveitandi M ber ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 10. nóvember 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.